

Fernando Nunes Guerreiro gegn Lúxemborg

Dómur frá 5. nóvember 2009

Mál nr. 33094/07

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Réttur til aðgangs að dómstólum. Málatilbúnaður aðila dómsmáls.

1. Málsatvik

Kærandi, Fernando Nunes Guerreiro, er portúgalskur ríkisborgari, fæddur árið 1960 og búsettur í Grevenmacher í Lúxemborg. Honum var neitað um örorkubætur 15. desember 2004. Kærum hans innan stjórnsýslunnar og á lægri dómstigum var hafnað. Kærandi áfrýjaði málinu að því er varðaði lagaatriði til æðsta stjórnsýsludómstóls Lúxemborgar með hjálp lögfræðings sem hafði aðstoðað hann á neðri dómstigum. Lögfræðingurinn reisti áfrýjunina á því að dómstólar á lægri dómstigum hefðu rangtúlkað lögin og rökstuddi á hvern hátt hefði átt að túlka þau. Dómstóllinn hafnaði áfrýjuninni 1. febrúar 2007 á þeirri forsendu að ekki hefði verið sýnt fram á að komist hefði verið að rangri lagalegri niðurstöðu. Samkvæmt meginreglum sem æðsti stjórnsýsludómstól í Lúxemborg hefði myndað tæki dómstóllinn einungis til skoðunar þær málsástæður sem áfrýjandi hefði lagt fram máli sínu til stuðnings. Væru þær ófullkomnar gæti sú röksemdafærsla sem höfð væri frammi þeim til styrktar ekki bætt úr því.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi brotið gegn réttindum sínum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans. Hann hélt því fram að sér hefði verið neitað um aðgang að dómstólum þar sem áfrýjunardómstóll Lúxemborgar hefði ekki tekið til skoðunar þær röksemdir sem hann hefði lagt skriflega fyrir dómstólinn.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að krafa áfrýjunardómstóls Lúxemborgar til skýrleika á framsetningu málsástæðna áfrýjanda hefði verið lögmæt. Dómstóllinn yrði hins vegar að rannsaka hvort áfrýjunardómstóllinn hefði metið hvort kröfurnar, sem hann setti til framsetningar ástæðnanna, væru í samræmi við það markmið sem þær áttu að þjóna. Skoða ætti framsetningu málsástæðna sem lagðar væru fram fyrir áfrýjunardómstólinn í heild, því þyrfti áfrýjandi að leggja fram áfrýjunarástæðurnar og einnig ef með þyrfti röksemdafærslu þeim til styrktar. Dómstóllinn taldi að áfrýjandi yrði að leggja fram þau sjónarmið sem byggju að baki áfrýjuninni og mögulega hvaða önnur rökstyddu áfrýjunina. Kærandi hefði uppfyllt bæði þessi skilyrði.

Dómstóllinn fjallaði því næst um að þær skýrleikakröfur sem áfrýjunardómstóllinn gerði til áfrýjunar hefðu ekki verið nauðsynlegar til þess að hann gæti framkvæmt þá endurskoðun sem honum bar að gera. Kröfurnar sem áfrýjunardómstóllinn gerði hefðu skert verulega rétt einstaklinga til að sækja rétt sinn til hans. Dómstóllinn hafði þá sérstaklega til hliðsjónar að í Lúxemborg væri fyrirkomulagið ekki með þeim hætti að sérhæfðir lögfræðingar kæmu fram fyrir dómstólum. Við þessar kringumstæður hefði það verið of mikil formfesta að vísa áfrýjun kæranda frá á þeim grundvelli að hún væri ekki nægilega skýr.

Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að takmörkun á rétti kæranda til aðgangs að dómstólum hefði ekki verið í samræmi við það lögmæta markmið sem þar bjó að baki og því hefði verið brotið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.